

## LISTIR

## Táp og fjör á vesturför

## TÓNLIST

## Varmárrskóli

## KÓRTÓNLEIKAR

Gömul og ný íslenzk lög. Álafosskórinn undir stjórn Helga R. Einarssonar. Píanóundirleikur: Hrönn Helgadóttir. Miðvikudaginn 9. maí kl. 20.

HINN rúmlega tvítugi Álafosskór er á förum vestur um haf til Ísland-Ingabyggða í kanadíska fylkjnum Manitoba og Alberta. Af því tilefni var efnt til tónleika í sal Varmárrskóla í Mosfellshæ á miðvikudag við allgóða aðsókn.

Lagavalið bar með sér að vera sumpart sniðið að óskum Vestur-Íslandinga, eins og fram kom af munnlegum kynningum kórstjórnans. Ættjarðarlög skipuðu stóran sess en þar að auki voru ýmis vinsæl lög frá miðbiki nýliðinnar aldar auk nýlegra kórlaga eftir m.a. Jón Nordal og Hjálmar H. Ragnarsson, ásamt frumsömdum lögum og útsetningum eftir stjórnandann.

Kórinn sló þegar í upphafi tápmikinn grunnþón með hinni fjöruðu útsetningu Árna Harðarsonar á lýðska þjóðlaginu Tíminn líður, trúðu mér, og fylgdi Þótt þú langföruð legðir Kaldalóns í kjölfarið sem miðlungshæg andstæða. Síðan komu Fyrr var oft í koti kátt (Friðrik Bjarnason), Ég vil elska mitt land (Bjarni Þorsteinsson), Hver á sér fagra föðurland (Emil Thoroddsen) og þjóðlagið Stóð ég úti í tungsli sínu í ónefndri útsetningu.

Það kom óviðbúnum hlustanda satt að segja í opna skjöldu hvað þessi fyrrum „verksmiðjukór“ hljómaði vel í fyrsta hluta dagskrár án undirleiks. Tónstæðan var hrein og hniglaus, söngurinn samtaka,

raddsamvægið furðugott þrátt fyrir landlæga karlaundirvigt og textaframburður fallegur og skýr. Mótun kórstjórnans var hvetjandi en öguð og „sesúrir“ út frá hvíldarstöðum textans smekklega með farnar.

Léttir strengir sigrænna dægurlaga voru þar næst slegnir með Við gengum tvö (Friðrik Jónsson) og Bjartar vonir vakna (Oddgeir Kristjánsson) við harmónikkundirleik og píanó að auki í hinu fyrirtalda, en slagharpan lék ein með í valse stjórnandans, Í vorþeynum. Hann átti og síðustu tvö lögin fyrir hlé, Hún var það allt og Fundið Vinland er stóð upp úr þeirri þrennu m.a. fyrir spaugileg tilþrif tveggja kórfélaga í gervi Eiríks rauða og Leifs heppna.

Hjð tignarlega lag Páls Ísólfssonar, Úr útsæ rísa Íslands fjöll (radds. Gardars Cortes), hóf seinni helming tónleikanna við mynduglegan píanóundirleik dóttur kórstjórnans, er hvarvetna leysti sitt hlutverk af hendi með festu en einnig lipurð; ávallt samtaka og í góðu styrkjafnvægi. Hér sem og í nokkrum seinni lögum brá að vísu fyrir aðalveikleika kórsins, að eiga til að hljóma hrár á sterkustu og hæstu nótum, að virtist sumpart fyrir ákveðinn vott af belgingi í ekki sízt karlaröddum. En það var þó ekki einhlítt. Söngurinn mýktist til muna í Undir bláum sólararsali (radds. E. Thoroddsen), en aftur kvað svolítið að fyrirtöldum hráleika í Vísu Vatnsenda-Rósu (Jón Ásgeirsson). Smávinir fagrir eftir Jón Nordal heppnaðist hins vegar ljómami vel og einþig Sofðu, unga ástin mín (radds. J. Á.) og Máriaúvers Páls Ísólfssonar, burtséð frá smá sigi í tónstöðu á lokahljóminum – raunar því fyrsta sem heyrðist á þessum tónleikum. Þjóðlagsraddsetning Hjálmars H. Ragnarssonar á Út á djúpið hann Oddur dró var bráðhress stungin og meðal hápunkta á

seinni hluta tónleikanna. Eyjan nefndist lag eftir kórstjórnann við eigið ljóð sem kórinn söng af innlifun við píanóundirleik þó að hæðarkröfurnar væru helzti óvægnar, eins og heyrna mátti af nokkrum þíndum toppnótum. Stykkið var með víðameiri lögum Helga og átti sína ljósu punkta, þrátt fyrir dægurlagskennt stálbot miðlutans sem e.t.v. átti að réttlætast af textanum en verkaði samt ekki samfærandi. Útsetning Helga E. Kristjánssonar fyrir kór og píanó á einsöngslagi Karls O. Runólfssonar, Í fjarlægð, þótti mér heldur slök og á köflum klíssjótt og annars þokkaleg útsetning kórstjórnans á Á Sprengisandi Kaldalóns fyrir sömu áhöfn lýttist óþarflega af „úm-pa“ hrynjandi píanósins í seinni helmingum erindanna sem hefðu farið betur í útfærðari og meira streymandi satz. Stjórnandinn náði sér þó á tónsmíðastrik aftur og vel það með fyrsta aukánúmeri, að líkindum frumsömdu (kom ekki fram af kynningu) vaggandi tangólaga, sem bauð af sér mikinn þokka. Þótt glöðvært væri að ytri blæ minnti það mannlauslega á tregablendin grísk lög í meðförum Nönu Mouskouri forðum daga (einkum við hljómaframvinduna I-V-IV) og var þrýðisvel flutt. Loks var klykkt út með öðru aukalagi, Vila við denna källa eftir meistara Bellman sem kórinn söng fallega laust og óþvingað á íslensku.

Það verður að segjast, að hringlaga salur Varmárrskólans er ekki ýkja gjöfull hvað hljómburð varðar, og því góðar líkur á að Álafosskórinn eigi eftir að hljóma enn betur í endurómseiri sölu Vesturheims. Takist honum jafn-vel upp þar og umrætt miðvikudagskvöld, ætti vart að þurfa að efast um undirtektir frænda okkar fyrir vestan haf.

Ríkarður Ö. Pálsson



Morgunblaðið/Jim Smart

Patrick Marold í porti Listasafns Reykjavíkur – Hafnarhúss.

## Ullarmagi í porti Hafnarhússins

**BANDARÍKJAMADURINN** Patrick Marold mun breyta porti Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhús, í hangandi maga úr ull, sem hann gefur yfirskriftina HUM og verður sýningin opnuð í dag, föstudag, kl. 17.

„Þetta útilistaverk tekur við öllum sveiflum veðurs og umhverfis og mun ásýnd þess breytast eftir því sem áhrif ljóss, þyngdaraflls og hreyfingar loftslins gefa tilefni til.

HUM-innsetningin er líft og lifandi verk og ber að nálgast hana sem slíka. Samstilling hinna fjölmörgu ullarstrengja við orku vindsins gerir verkinu mögulegt að ná fram viðkvæmri og jafnri hreyfingu, sem takmarkast þó af eiginleikum efnisins. Einstakir þræðir munu tengjast og flækjast til að finna stuðning hver í öðrum, þar til þeir verða að einni flækju sem vindurinn tekur minna í. Þannig munu náttúruöflin ráða lokum sýningarinnar,“ segir Soffia Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Patrick Marold er ungur bandarískur listamaður sem hlotið hefur Fulbright-styrk til að dvelja og starfa að list sinni hér á landi í vetur. Hann stundaði m.a. listnámi í Rhode Island School of Design og hefur undanfarin ár einkum starfað við Colorado Institute of Art. Eftir dvöl sína hér á landi mun hann snúa aftur til Colorado í Bandaríkjunum.

Patrick Marold er ungur bandarískur listamaður sem hlotið hefur Fulbright-styrk til að dvelja og starfa að list sinni hér á landi í vetur. Hann stundaði m.a. listnámi í Rhode Island School of Design og hefur undanfarin ár einkum starfað við Colorado Institute of Art. Eftir dvöl sína hér á landi mun hann snúa aftur til Colorado í Bandaríkjunum.



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

Aðalleikararnir Fríða Andersen og Jóhann Davíð Snorrason.

## Síðasta sýning hjá Hugleik

SÍÐASTA sýning á leikriti Hugleiks, Víst var Ingjalður á rauðum skóm, verður í Tjarnarbíói í kvöld kl. 20. Leikritið er eftir Hugleikarana Hjördísi Hjartardóttur, Ingibjörgu Hjartardóttur og Sigrúnu Óskarsdóttur í leikstjórn Sigrúnar Valbergsdóttur. Með helstu hlutverk fara Fríða Andersen og Jóhann Davíð Snorrason.

## Styrkir úr Þýðingarsjóði

STYRKIR úr Þýðingarsjóði árið 2001, samtals 7,7 millj. kr.: 450 þús.: PP Forlag ehf. til þýðingar á „The Ice Master“ eftir Jennifer Niven. 430 þús. kr.: Mál og menning til þýðingar á „Livlákarens Besök“ eftir Per Olov Enquist. 400 þús. kr.: Nýja bókafélagið ehf. til þýðingar á „The Wealth and Poverty of Nations – Why some are so rich and some so poor?“ eftir David S. Landes. 350 þús. kr.: Bjartur til þýðingar á „The Interpreter of Maladies“ eftir Juhumpa Lahiri og „South of the Border, West of the Sun“ eftir Haruki Murakami. 330 þús. kr.: Ormstunga til þýðingar á Drykkjumanninum eftir Hans Fallada. 300 þús. kr.: Forlagið til þýðingar á „Necromancer“ eftir William Gibson og Áfangar í kvikmyndafraeðum eftir ýmsa höfundu; Mál og menning til þýðingar á „The Subtle Knife“ eftir Philip Pullman; Salka bókaútgáfa til þýðingar á „The Bell Jar“ eftir Sylvia Plath. 250 þús. kr.: Mál og menning til þýðingar á Gullspangargleraugun eftir Giorgio Bassani og Ormstunga til þýðingar á „Molloy“ eftir Samuel Beckett. 200 þús. krónur: Almenna bókafélagið til þýðingar á „När man skjuter arbetare“ eftir

Kerstin Thorvall; Bókaútgáfan Hólar til þýðingar á „The Pilots Wife“ eftir Anita Shreve; Bókaútgáfan Iðunn til þýðingar á „Woman“ eftir Natalie Angier; Hið íslenska bókmenntafélag til þýðingar á þremur verkum: Æskurrit Marx e. Karl Marx, safn þriggja stuttra æskuverka, Um hið háleita eftir Longinus og Skáldskaparmál eftir Hóras, „Laokoön oder die Grenzen der Malerei und Poesie“ eftir Gotthold E. Lessing; Íslandingsagnaútgáfan til þýðingar á „Other Voices, Other Rooms“ eftir Truman Capote; JPV útgáfa til þýðingar á „A Child called „It““ eftir Dave Pelzer; Nýja bókafélagið, ehf., til þýðingar á Í Hófadynsdal og fleiri sögur, safn smásagna, eftir Heinrich Böll; Salka, bókaútgáfa til þýðingar á „Entertaining Angels“ eftir Marita Van Der Vyver; Mál og menning til þýðingar á „The Boy from the Tower of the Moon“ eftir Anwar Aceawi. 150 þús. krónur: Arnargrip til þýðingar á „Handcarved Coffins“ eftir Truman Capote; Mál og menning til þýðingar á „Dirty Beasts“ eftir Roald Dahl; Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands til þýðingar á „Apologia dell'apogeo. Divagazioni sulla storia del libro nel

tardo medioevo“ eftir Ezio Ornato. 120 þús. kr. Mál og menning til þýðingar á „Charlottes Web“ eftir E.B. White. 180 þús. krónur: Þjazi ehf. til þýðingar á „L'Amour fou“ (Tryllt ást) og Nadja (Nadja) eftir André Breton. 100 þús. krónur: Forlagið til þýðingar á Saga af auga eftir Georges Bataille; Jón Ásgeir Kalmannsson til þýðingar á Ýmsar greinar um gagnrýna hugsun eftir fimm höfundu; Jón Viðar Jónsson til þýðingar á fjórum leikritum um ástir og hjónaband „Faðirinn, Fróken Júlía, Kröfuhafar og Daudadansinn“ eftir August Strindberg; Vaka-Helgafell til þýðingar á „Pobby and Dingan“ eftir Ben Rice. 80 þús. krónur: Hallberg Hallmundsson/Brú til þýðingar á Völdum ljóðum úr bókunum „Collected Poems“ og „Opus Posthumous“ eftir Wallace Steven. 70 þús. krónur: Bjartur til þýðingar á „The Selfish Giant“ eftir Oscar Wilde; Gardar Baldvinsson til þýðingar á Í Vesturheimi. Kynning á bókmenntum Vestur-Íslandinga, einkum frá Kanada e. þrjá höfundu og Valdimar Tómasson til þýðingar á „Le Chant/Söngurinn“ eftir Guillerie. 50 þús. krónur: M&M til þýðingar á „My sister Gracie“ eftir G. Johnson.

## Gúmmískórarnir eru komnir

**Gúmmískór Svartur/hvítur**  
Stærðir: 25-34 **1.390**  
Stærðir: 35-40 **1.590**  
Stærðir: 41-47 **1.790**

**Gúmmískór lítaðir rauður/blár/lilla**  
Stærðir: 21-35 **1.188**  
Stærðir: 36-41 **1.387**

Opíð alla virka daga frá kl. 8:00-18:00 og laugardaga frá kl. 10-14 – ALLTAF NÆG BILASTIÐ! –

**ELLINGSEN**

VERSLUN ATHAFNAMANNINS  
Grandagarði 2 | Reykjavík | Sími 580 8512 | Fax 580 8501